



FRÆKORNIÐ

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

GÆÐI SKÓGARPLANTNA

Forsenda vel heppnaðrar skógræktar eru góðar trjáplöntur. Skógarplöntur eru almenn söluværa og á kaupandinn því að gera ýtrustu kröfur um gæði þeirra plantna sem hann festir kaup á. Þessu Frækorni er ætlað að aðstoða lesendur við að velja góðar skógarplöntur í gróðrarstöðinni og þannig að leiða til betri árangurs í ræktuninni.

Almenna reglan er sú að toppur, stofn og rætur plantnanna eiga að vera heilbrigð og óskemmd. Auk þess eiga þær að vera vel nærðar með djúpgrænum lit, hafa gilda sprota og vera hlutfallslega gildar um rótarhásinn.

Þessu til viðbótar eru nokkrir mikilvægir eiginleikar skógarplantna, sem athuga ber sérstaklega við val og kaup.


Uppruni

Mjög mikilvægt er að vita uppruna þeirra plantna sem við notum. Í því sambandi tölum við um kvæmi og klón.

Kvæmi segir til um þann stað sem trjátegundin var sótt á, en klónn segir til um af hvaða einstaklingi plantan var alin.

Meginmunur getur verið milli plantna af mismunandi uppruna og því afar mikilvægt að vita hann nákvæmlega.


Allar betri gróðrarstöðvar láta fylgja með upplýsingar um uppruna þeirra skógarplantna sem þær selja.



Ættartré

Moldarfylling í bakka

Plöntugötin eiga að vera vel moldarfyllt. Annars er hætt við að rótarkerfi plantnanna geti ekki þroskast eðlilega.




Form róta

Berrótarplöntur eiga að hafa jafnt og vel greint rótarkerfi með miklum fínrotum á aðalrotum. Misvöxtur róta getur haldið áfram og þannig komið trénu í koll síðar á lífsleiðinni.



Hjá bakkaplöntum þarf að gæta sérstaklega að því að ræturnar séu ekki snúnar í bakkanum. Rótarsnúningur er sérstakt vandamál hjá stafafuru og kemur ef plönturnar eru of lengi í bakkanum.

Hætt er við að snúningurinn haldi áfram í jarðveginum eftir gróðursetningu og að trén verði því óstöðug og aflöguð í framtíðinni. Hnaus bakkaplantna á einnig að tolla vel saman þegar plantan er tekin upp, án þess þó að ræturnar séu mikið kuðlaðar saman. Ræturnar eiga ekki að hanga niður úr bakkanum.




Ummál rótarháls

Mikilvægt er að plantan hafi hlutfallslega gildan rótarháls. Af gildleika hans má segja talsvert til um þroskamöguleika plöntunnar.


Rótarkalsmælingar

Rætur plantna getur kalið líkt og stofninn. Það gerist helst ef bakkaplöntur standa úti óvarðar og frost verður mikið. Slíkt kal merkjum við oftast ekki á ofanjarðarhlutanum. Plöntur með rótarkal geta því lítið bærilega út á yfirborðinu, en sakir skemmdra róta vaxa þær lítið eða deyja jafnvel fljótlega eftir gróðursetningu. Til eru einfaldar aðferðir við athugun á rótarkali plantna sem gróðrarstöðvar geta látið framkvæma. Því ber að spyrja eftir rótarkali þegar skógarplöntur eru keyptar.



Plöntustærð

Aðalatriðið er að rétt hlutfall sé milli ofan- og neðanjarðarhluta plantnanna, þ.e. því stærri planta þeim mun umfangsmeira þarf rótarkerfið að vera. Varist sérstaklega langar og renglulegar plöntur. Slíkar plöntur geta litið vel út í gróðrarstöð en það snýst við eftir að þær hafa verið gróðursettar í útjörð og þurfa sjálfar að fara að útvega sér vatn og næringu.



Ef gróðursett er í rýrt, snögg og áveðra land er betra að velja minni plöntur sem auðvelt er að skýla bak við þúfur eða steina. Ef aftur á móti á að gróðursetja í frjósamt land vaxið hávöxnum gróðri verður að velja stærri plöntur sem hafa meiri möguleika í samkeppninni.



BARR

ISSN 1605-5020

